

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *20. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 12. maí 2011, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, mál 726. var frestað á fundi 28. apríl.
3. Deiliskipulag í Bjarnarflagi
4. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 19. maí. n.k.
5. Erindi frá Bjarna Höskuldssyni slökkviliðsstjóra.
6. Erindi frá Umhverfisstofu vegna flokkunar vega á hálendinu.
7. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla (bættur réttur nemenda o.fl.) 747. mál.
8. Mývatnsstofa.
9. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
10. Húsbygging á Geiteyjarströnd.
11. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris 18. maí.
12. Uppsagnarbréf frá Tarvo Nömm.

Til kynningar.

Fundargerð heilbrigðisnefndar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 20. apríl.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Pétur Snæbjörnsson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10, 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu.

Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, mál 726. var frestað á fundi 28. apríl.**

Með tölvupósti er óskað umsagnar sveitarstjórnar á frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga. Nái frumvarpið fram að ganga er verið að gera veigamiklar breytingar frá núverandi lögum með hertum fjármálareglum og persónulegum ábyrgðum sveitarstjórnarmanna. Að gera sveitarstjórnarmenn persónulega ábyrga mun leiða til þess að erfiðara verður að fá fólk til að sinna þessum verkefnum a.m.k. í minni sveitarfélögunum. Þá er það með öllu óeðlilegt að sömu reglur skuli ekki gilda fyrir bæði stjórnsýslustigin í landinu. Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Hnykk er á eftirfarandi lagagreinum að öðru leyti tekur sveitarstjórn undir innsendar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**15. gr. Boðun sveitarstjórnarfunda.**

Gerðar eru athugasemdir við að lögfest sé að boðun sveitarstjórnarfunda skuli vera a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Nægjanlegt ætti að vera að fundarboð bærast með tveggja sólarhringa fyrirvara.

**62. gr. Fjárhagsáætlanir.**

Gerð er athugasemd við að sveitarfélögum skuli gert að flýta afgreiðslu fjárhagsáætlunar um einn og hálfan mánuð eða til 15. nóvember. Þá er gerð athugasemd við að samhliða skuli afgreiða fjögurra ára áætlanir. Fyrir minni sveitarfélögin sem ekki hafa yfir miklum mannafla að ráða eykur þetta verulega álag á stjórnsýsluna og hlýtur að bjóða upp á ónákvæmari áætlanir. Þá er gagnrýnt að ekki sé talin ástæða til að lögfesta að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skili sveitarfélögunum áætlun yfir úthlutanir komandi árs fyrir fyrir t.d. 1. október.

**76. gr. Skil á upplýsingum um fjármál.**

Gerð er athugasemd við að lögfest sé að sveitarfélög skili ársfjórðungslega upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum. Fyrir minni sveitarfélögin kallar þetta á aukin fjárútlát m.a. með kaupum á viðbótar bókhaldskerfum og auknum starfsmannafjölda. Erfitt er að réttlæta slíkt á tímum niðurskurðar og sparnaðar. Fyrir stærri sveitarfélögin er þetta sennilega engin breyting. Gera verður a.m.k. þann fyrirvara að fjárhagsleg staða einstakra sveitarfélaga ráði því hversu ört er kallað eftir viðbótarupplýsingum úr bókhaldi þeirra.

**117. gr. Vanræksla sveitarstjórnarmanna.**

Gerð er athugasemd við að lögbundið sé að beita megi sveitarstjórnarmenn persónulega, dagsektum vegna vanrækslu, ekki síst í ljósi þess að slíkt ákvæði er ekki í gildi gagnvart stjórnsýslu ríkisins. Um brot sveitarstjórnarmanna og stjórnenda sveitarfélaga hjóta að gilda almennar reglur og á þeim grundvelli sæti þeir ábyrgð.

### 3. Deiliskipulag í Bjarnarflagi.

Með vísan til fyrirliggjandi umsagnar um athugasemdir samþykkir sveitarstjórn hið auglýsta skipulag. Sveitarstjórn leggur þó áherslu á, í samræmi við ákvæði laga, að engin leyfi verða veitt fyrir framkvæmdum á grundvelli skipulagsins nema fyrir liggi með skýrum hætti samningar eða annarskonar skilríki (s.s. eignarnám) milli landeigenda/eigenda réttinda fyrir hlutaðeigandi réttindum og framkvæmdum. Sveitarstjórn leggur áherslu á að landeigendur og framkvæmdaaðili nái samkomulagi um ágreiningsmál sín sem uppi virðast vera.

Í álitum Landslaga lögfræðistofu, frá 15. september sl., kemur fram að bæði Landsvirkjun og landeigendum væri heimilt að leggja fram skipulagstillögu af svæðinu. Jafnframt að hvorugur aðilinn þyrfti samþykki hins fyrir þeim fyrirfram. Í því felst jafnframt að sveitarstjórn er heimilt, að undangenginni málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, að samþykkja slíka skipulagstillögu þó ekki liggi fyrir samkomulag milli landeiganda og framkvæmdaaðila um einstaka þætti framkvæmdarinnar. Vegna þessa er m.a. bent á að víða er gert ráð fyrir því að framkvæmdaraðila eða öðrum sé heimilt að taka land eða réttindi eignarnámi náist ekki samningar með aðilum sbr. m.a. 33. gr. skipulags- og byggingarlaga, 50. gr. nágildandi skipulagslaga og m.a. 3. mgr. 4. gr. raforkulaga. Hins vegar verða hvorki veitt framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi nema fyrir liggi samningar fyrir slíkum framkvæmdum við landeiganda eða eiganda réttinda, eða eignarnám.

Undir þessum lið véku af fundi Guðrún María, Böðvar og Karl Emil. Í þeirra stað komu Elín Steingrímisdóttir og Birgir Steingrímsson

### 4. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 19. maí. n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem haldinn verður í Félagsheimilinu Þórsveri, fimmtudaginn 19. maí n.k. verður Birgir Steingrímsson.

### 5. Erindi frá Bjarna Höskuldssyni slökkviliðsstjóra.

Með tölvupósti óskar Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eftir því að slökkviliðsmönnum verði tryggður aðgangur að líkamsræktaraðstöðu og sundlaugum sveitarfélaganna þeim að kostnaðarlausu. M.f. erindinu er nafnalisti þeirra manna sem um ræðir. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

### 6. Erindi frá Umhverfisráðuneyti vegna flokkunar vega á hálendinu.

Með bréfi dags. 19. apríl, óskar Sesselja Bjarnadóttir f.h.

Umhverfisráðuneytisins eftir að þau sveitarfélög sem land eiga innan miðhálendislinunnar flokki vegi sem mældir hafa verið og koma fram á korti Landmælinga Íslands. Hvert sveitarfélag er beðið um að flokka vegina í

þrennt; opinn vegur, lokaður vegur og takmörkuð notkun á vegi, sem getur verið vegna ákveðinna starfa eða við ákveðin tímabil.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Eyrúnu Björnsdóttur, Þorláki Páli Jónssyni og Kristjáni Steingrímssyni að fara yfir kort sem sýnir vegslóðana og koma með tillögur um nefnda vegflokkun í samráði við landeigendur.

**7. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla (bættur réttur nemenda o.fl.) 747. mál.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hyggst ekki veita umsögn um málið.

**8. Mývatnsstofa.**

G-listinn leggur til að endurnýjaður verði þjónustusamningur við Mývatnsstofu í þessum mánuði og að Mývatnsstofu verði falin umsjón með vefsíðu hreppsins. Einnig að í samningnum verði farið fram á að framkvæmdastjóri Mývatnsstofu sinni jafnframt stöðu Menningar- og upplýsingafulltrúa sveitarfélagsins, sjái um viðburðastjórnun og markaðssetningu viðburða í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir því að gerður verði nýr þjónustusamningur við Mývatnsstofu með það að markmiði að efla menningar- og upplýsingastarfsemi.

**9. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.**

Fyrir fundinum liggja breytingar á samþykktum um sjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps til síðari umræðu.

Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar.

**10. Húsbygging á Geiteyjarströnd.**

Til fundarins mæta Héðinn Sverrisson og Gaukur Hjartarson vegna byggingar á Geiteyjarströnd.

Upphaf málsins er að Héðinn hafði fengið stöðuleyfi fyrir nýrri byggingu sunnan við núverandi smáhýsi. Héðinn hafði ekki samband við byggingafulltrúa í upphafi framkvæmda né þegar steypuvinna hófst sem þó er skylt skv. lögum. Byggingafulltrúi mætti á staðinn um mánaðmótin apríl/maí og stöðvaði framkvæmdir sem ekki var virt.

Sveitarstjórn krefst þess að framkvæmdir verði stöðvaðar nú þegar.

Sveitarstjórn setur það sem skilyrði fyrir áframhaldandi framkvæmdum að klætt verði að lágmarki 15 cm niður á sökkul og fyllt verði að húsinu að lágmarki 50 cm neðan við gólfplötu. Sveitarstjórn óskar eftir skriflegri yfirlýsingu framkvæmdaaðila þar að lútandi. Þegar sú yfirlýsing liggur fyrir verður málið tekið fyrir að nýju .

**11. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris 18. maí.**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Tækifæris sem haldinn verður á Akureyri 18. maí n.k. verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.

**12. Uppsagnarbréf frá Tarvo Nömm.**

Með tölvupósti segir Tarvo Nömm lausu starfi sínu sem skólastjóri Tónlistarskóla Mývatnssveitar en hann hafði verið í árs leyfi frá störfum. Sveitarstjórn þakkar Tarvo fyrir vel unnin störf og óskar honum og hans fjölskyldu alls hins besta. Sveitarstjóra falið að auglýsa stöðuna.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Friðrik K. Jakobsson,  
Pétur Snæbjörnsson.